

Íþróttamiðstöðin Borg

Sumaropnun

25. maí - 18. ágúst

Mánudaga - föstudaga kl. 10 - 22

Laugardaga – sunnudaga kl. 10 -19

Vetraropnun

19. ágúst—23. maí

Mánudaga - fimmtudaga kl. 14 - 22

Föstudaga Lokað

Laugardaga – sunnudaga kl. 10 –18



Hætt er að hleypa ofan í laugina 20 mínútum fyrir lokun.

Heimasíða: www.gogg.is

Netfang: sundlaug@gogg.is

Sími 480 - 5530

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.

Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.

Efni í blaðið berist fyrir 28. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng: linda@gogg.is eða gogg@gogg.is



Ágúst 2019

HVATARBLAÐIÐ

GRÍMSÆVINTÝRI á Borg 10. ágúst

Dagskrá frá kl 13.00 til 17.00

Tombóla - Hoppukastalar - Tintron - Leikfélagið Borg

Blúndukaffi - Markaður - Blaðrarinn - BMX brós

Spákona - SÍBS Líf og heilsa með heilsufarsmælingar

Leikir með Ungmennafélaginu Hvöt

Hestamannafélagið Trausti - Popp og candyfloss

TOMBÓLA - MIÐAVERÐ: 400kr

Fritt í sund á meðan á hátíðinni stendur - Flott tjaldsvæði á staðnum.

Allir velkomnir - frír aðgangur



Grímsævintýri er lítil sveitahátíð í umsjón Kvenfélags Grímsneshrepps þar sem meðal annars fer fram ein elsta tombóla landsins sem haldin hefur verið árlega frá árinu 1926. Hátíðin er styrkt af Grímsnes- og Grafningshrepp.





Leikskóladeild Kerhólsskóla
opnar eftir sumarfrí miðvikudaginn 7. ágúst kl. 12.00

Skólafærninámskeið

Skólafærninámskeið fyrir foreldra barna sem
eru að fara í

1. bekk verður 19. ágúst kl. 14.30 í Kerhólsskóla.

Skólasetning

grunnskóladeildar Kerhólsskóla verður þriðjudaginn
20. ágúst kl. 13.00 í Félagsheimilinu Borg

Miðvikudaginn 21. ágúst byrjar hefðbundið skólastarf sam-
kvæmt stundatöflu.

Skráning í frístund (vistun eftir skóla) fyrir börn í 1.- 4. bekk
fer fram á skólasetningardegi. Umsjónarkennarar verða
með eyðublöð.

Jóna Björg Jónsdóttir
Skólastjóri



Vallamót 2019

*Árlegt Vallamót Hestamannafélagsins Trausta verður haldið
laugardaginn 17. ágúst n.k. á Laugarvatnsvöllum. Líkt og fyrr
verður keppt í smalakeppni og verður smalakeppninni skipt í
smala 1, þ.e. 14 ára og yngri (fæddir 2005 og seinna) og smala 2,
þ.e. 15 ára og eldri (fæddir 2004 og fyrr).*

Mótið hefst kl. 10:00 og er dagskrá sem hér segir:

Barnaflokkur

Unglingaflokkur/ungmennaflokkur

Pollaflokkur

Firmakeppni

Smali 1

Smali 2

*Verðlaunaafhending fer fram strax að lokinni
keppni í hverjum flokki.*

*Sé áhugi fyrir hendi á verður keppt í kappreiðum,
þ.e.a.s. í skeiði eða stökki.*

Skráningar í alla flokka verða á staðnum.


Vallamótsnefnd Trausta



Reiðnámskeið fyrir börn og unglinga

Reiðnámskeið verður haldið fyrir börn og unglinga dagana 11. - 14. ágúst og verður kennari Sólon Mortens.

Fyrri tvo dagana verður kennslan í Miðengi en seinni tvo dagana á Þorkelsvelli.



Fimmtudaginn 15. ágúst verður svo riðið í Kringlumýri og þá verður grill, gaman og gisting.

Námskeiðið er frítt fyrir börn félagsmanna og einungis þarf að hafa með sér hest og það sem honum fylgir.

Nánari tímasetningar koma þegar skráningar liggja fyrir en kennt verður seinnipartinn og á kvöldin.

Skráningar berist á guggajons@simnet.is fyrir 10. ágúst.

Sumaropnun

Sumaropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. maí til 30. september

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-16	Lokað	13-16	13-16	13-16	13-16

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa – Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní – Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladaðag – Annan í jólum og Gamlársdag.

OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMILISSORPS ALLAN SÓLARHRINGINN

Ath.
breyttur opnunartími á sunnudögum og lengdur sumar-
tíminn til 30. september.

www.sveitir.is
Upplýsingar um ferðapjónustu og
viðburði í Uppsveitunum.



Pokana sem nota á í
brúntunnuna er hægt að fá **fritt** í Sundlauginni á Borg



PUMALPUTTAREGLAN er sú að ef þú
getur borðað það en vilt það ekki þá
fer það í brúntunnuna.



Saumakompan

TEK AÐ MÉR MARGSKONAR EINFALDAN SAUMASKAP

Elsa Jónsdóttir

Sími 864-4642



RAFLAGNIR – VIÐGERÐIR

Jóhann Baldursson - ☎ 892 0518

Már Jóhannsson - ☎ 866 6068

Rafvirkjameistarar

ASKALIND 7 – 201 KÓPAVOGUR
KRINGLA 2 – GRÍMSNESI 801 SELFOSS



HESTAMANNAFÉLAGIÐ TRAUSTI



Í byrjun júní stóð H.m.f. Trausti fyrir reiðnámskeiði í Miðengi. Reiðkennarar voru Sandra P. Jonsson og Halldór Þorbjörnsson. Námskeiðið þótti takast vel og voru þátttakendur mjög ánægðir með kennsluna og ekki síður aðstöðuna sem Miðengi býður upp á. Kennslan fór þannig fram að kennt var í tveggja manna hollum, 20-30 mín hvert holl, og fór kennslan ýmist fram í reiðhöllinni eða reiðkennarinn og neminn fóru í reiðtúr saman þar sem hægt var að vinna úr raunverulegum vandamálum sem upp koma við hefðbundnar útreiðar.

Fyrir hönd H.m.f. Trausta langar mig að þakka þeim Söndru og Halldóri fyrir mjög gott og fræðandi námskeið og einnig ber að þakka fyrir aðstöðuna sem Miðengi býr yfir. Stefnum á fleiri slík námskeið í framtíðinni.

Birgir Leó

Formaður H.m.f. Trausta.



Greinargerð:

Frá og með árinu 2016 var starfsemi heimavistar við Fjölbrotarskóla Suðurlands hætt. Ungmennni af stóru svæði sem þessi sveitarfélög spanna eiga þess ekki kost að nýta sér almenningssamgöngur til að sækja nám og því er um alvarlegan forsendubrest samstarfs um skólann að ræða. Til þess að ungmenni þessa svæðis njóti jafnréttis til náms er mikilvægt að unnið verði hröðum höndum við að koma upp heimavist við skólann.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps þakkar vinnuhópnum fyrir ályktunina og felur sveitarstjóra að undirrita hana fyrir sína hönd.

Til kynningar

✓ SASS. Fundargerð 547. stjórnarfundar 28.06 2019.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:00

FEÐGAVERK

Tökum að okkur STÓR og smá verk

- Jarðvinnu
- Tætingu
- Trjáskurlun
- Þökulagningu
- Bílaflutninga
- Jarðheflun
- Fólksflutninga
- Snjómokstur



Jóhannes og Guðmundur

Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115

Email: verktaki89@gmail.com

Facebook: Jarðvinnuverktaki Feðgaverk



**Umhverfis- og
tæknisvið Uppsveita**

Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Sími 480 5550
www.utu.is

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita

Bláskógabyggð, Grímsnes-og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi,
Skeiða-og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi

Breyting á opnunartíma embættisins

Tilkynnt er um breyttan opnunartíma skrifstofu embættisins að
Laugarvatni og tekur breytingin þegar gildi.

Mai, júní, júlí og ágúst er skrifstofan opin alla virka daga frá 9.00 – 12.00 og 13.00 – 14.00.
September – apríl er skrifstofan opin alla virka daga frá 9.00 – 12.00 og 13.00 – 15.00.

Viðtals- og símatímar skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa og aðstoðarmanna þeirra
er mánudaga, þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga frá 9.00-11:30.

Skafti Bjarnason
Framkvæmdastjóri

Rúnar Guðmundsson
Skipulagsfulltrúi

Davíð Sigurðsson
Byggingarfulltrúi



FUNDARGERÐ.

460. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, þriðjudaginn 2. júlí 2019 kl. 8.00 f.h.

Fundinn sátu:

Ása Valdís Árnadóttir

Smári Bergmann Kolbeinsson

Ingibjörg Harðardóttir

Bjarni Þorkelsson

Björn Kristinn Pálmarsson í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir

1. Trúnaðarmál.

Málið er fært til bókar í trúnaðarmálabók.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 10:15



12. Félagsmálaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 170/2019, „Leiðbeiningar fyrir sveitarfélög varðandi samráðshópa og notendaráð skv. lögum nr. 40/1991 m.s.b.

Fyrir liggur að Félagsmálaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 170/2019, „Leiðbeiningar fyrir sveitarfélög varðandi samráðshópa og notendaráð skv. lögum nr. 40/1991 m.s.b.“. Lagt fram til kynningar.

13. Bréf frá Umhverfisstofnun þar sem óskað er umsagnar við drögum að stefnu um meðhöndlun úrgangs.

Fyrir liggur bréf frá Umhverfisstofnun, dagsett 12. júlí 2019 þar sem kynnt er ósk Umhverfis- og auðlindaráðuneytis um að Umhverfisstofnun vinni tillögur að nýrri stefnu um meðhöndlun úrgangs fyrir allt landið. Jafnframt liggja fyrir lokadrög að áðurnefndri stefnu og óskað umsagnar sveitarfélagsins við þeim. Sveitarstjórn lýsir yfir ánægju með tillögurnar í nýrri stefnu um meðhöndlun úrgangs fyrir allt landið. Þó hefði sveitarstjórn viljað sjá tillögur að samræmdri flokkun á landsvísi.

14. Minnisblað frá Sigurði Ármann Snævarr sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga um forsendur fyrir vinnslu fjárheimilda ársins 2020 og fjárhagsáætlana til þriggja ára.

Fyrir liggur minnisblað frá Sigurði Ármann Snævarr sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga, dagsett 1. júlí 2019 um forsendur fyrir vinnslu fjárheimilda ársins 2020 og fjárhagsáætlana til þriggja ára. Lagt fram til kynningar.

15. Ályktun um heimavist við Fjölbrautarskóla Suðurlands.

Fyrir liggur tillaga vinnuhóps um heimavist við FSu að sameiginlegri ályktun sveitarfélaga á Suðurlandi;

Eftirtalin sveitarfélög sem eru eigendur að Fjölbrautarskóla Suðurlands (FSu) krefjast þess að starfrækt verði heimavist við skólann. Sveitarfélögin skora á mennta- og menningarmálaráðherra að beita sér í málinu og skora jafnframt á skólanefnd og stjórnendur skólans til að vinna að uppbyggingu heimavistar.

8. Afrit af bréfi frá Vegagerðinni þar sem tilkynnt er um niðurfellingu Selvegjar nr. 3796-01 af vegaskrá.

Fyrir liggur afrit af bréfi frá Vegagerðinni, dagsett 11. júlí 2019 þar sem tilkynnt er um niðurfellingu Selvegjar nr. 3796-01 af vegaskrá. Sveitarstjórn gerir athugasemdir við framlögð gögn og felur sveitarstjóra að koma athugasemdum á framfæri í samræmi við umræður á fundinum.

9. Afrit af bréfi frá Þjóðskrá Íslands þar sem kynnt er breytt fasteignamat eigna að Tjarnarlaut 2, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur afrit af bréfi frá Þjóðskrá Íslands til eiganda eigna að Tjarnarlaut 2, dagsett 28. júní 2019 þar sem kynnt er breytt fasteignamat eignarinnar. Bréfið lagt fram til kynningar.

10. Bréf frá Þórunni Sigurðardóttur f.h. Örnefnanefndar þar sem því er beint til sveitarfélaga að hafa frumkvæði að því að gefa stöðum nöfn þegar þörf er á og sporna við óviðunandi nafni sem annars gæti fest í sessi.

Fyrir liggur bréf frá Þórunni Sigurðardóttur f.h. Örnefnanefndar, dagsett 26. júní 2019 þar sem því er beint til sveitarfélaga að hafa frumkvæði að því að gefa stöðum nöfn þegar þörf er á og sporna við óviðunandi nafni sem annars gæti fest í sessi. Að reynt verði að finna leiðir til að bregðast við ef ensk nöfn á íslenskum stöðum eru líkleg til að festast í sessi. Einnig er bent á að nafnatillögur skulu sendar til umsagnar til Örnefnanefndar eins og lög kveða á um. Bréfið lagt fram til kynningar.

11. Bréf frá Katrínu B. Ríkhardsdóttur, framkvæmdastjóra Jafnréttisstofu þar sem boðað er til landsfundar um jafnréttismál sveitarfélaga dagana 4.-5. september 2019.

Fyrir liggur bréf frá Katrínu B. Ríkhardsdóttur, framkvæmdastjóra Jafnréttisstofu, dagsett 5. júlí 2019 þar sem boðað er til landsfundar um jafnréttismál sveitarfélaga dagana 4.-5. september 2019. Meðal umfjöllunarefna verða jafnréttisáætlanir, jöfn meðferð, jafnlaunavottun, kynferðisleg og kynbundin áreitni, kynjasamþætting og staðalmyndir. Bréfið lagt fram til kynningar.



FUNDARGERÐ.

461. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 3. júlí 2019 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Ása Valdís Árnadóttir

Smári Bergmann Kolbeinsson

Ingibjörg Harðardóttir

Karl Þorkelsson í fjarveru Björns Kristins Pálmarssonar

Bjarni Þorkelsson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 19. júní 2019.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 19. júní 2019 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerðir.

a) Fundargerð 15. fundar umhverfisnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 13. júní 2019.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

b) Fundargerð 179. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita 26. júní 2019.

Mál nr. 17, 18, 19, 20, 21 og 24 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 179. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 26. júní 2019. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 17: 1905064 - Nesjar L170882 og Nesjar Klumbunes L194990; Klumba; Sameining og breytt skráning lóðar.

Lögð er fram að nýju umsókn Péturs J. Jónassonar, dags. 17. maí 2019 um að sameina lóðirnar Nesjar Klumbunes L199490 og lóðina Nesjar L170882 í eina lóð sem verður eftir mælingu 54.000 m². Gunnar Jónasson eigandi lóðarinnar Nesjar Klumbunes L199490 hefur afsalað lóðinni til Péturs. Umsækjandi óskar eftir að hin nýja sameinaða lóð fái heitið Klumba og landnúmer verði L 170882. Fyrir liggur samþykki lóðahafa aðliggjandi lóða.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða sameiningu lóðanna og ekki eru gerðar athugasemdir við heitið Klumba.

Mál nr. 18: 1906041 - Búgarður lóð 1 L190894 (Asgarðslandi); Skógrækt; Ný vegtenging; Fyrirspurn.

Lögð er fram fyrirspurn Ingibjargar Sigmundsdóttur, dags. 18. júní 2019 f.h. Oddfellowstúkanna Hásteins og Þóru um mögulega aðkomu að opnu svæði félagsins í Asgarðslandi L190894. Með breytingu á Búrfellsvegi lokaðist aðkoman frá Búrfellsvegi að þessu landi og er eina aðkoman í gengum Þórstíg.

Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins og felur skipulagsfulltrúa að ræða við Vegagerðina.

Mál nr. 19: 1906056 - Hamrar 3 L224192; Stofnun þriggja lóða; Deiliskipulag.

Fyrir liggur umsókn Eiríks Vignis Pálssonar, dags. 5. júní 2019 f.h. Gyðuborga ehf., um deiliskipulag Hamra 3, L224192. Umsókninni fylgir deiliskipulagsuppráttur þar sem gert er ráð fyrir þrem samliggjandi lóðum. Á tveimur lóðanna hvorri fyrir sig er gert ráð fyrir byggingu allt að 95 m² sumarhúss og allt að 40 m² gestahúsi. Einnig er sótt um að þessar lóðir fái nafnið Lón og Lón 2. Á þriðju lóðinni verður heimilt að staðsetja til lengri tíma tjöld, hjólhýsi, stöðuhýsi og allt að 15 m² salernishús. Sótt er um að lóðin fái nafnið Gyðuborgir.

5. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs veitingastaðar í flokki II í Golfskálanum Öndverðarnesi, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 4. júlí 2019 um umsögn vegna leyfis til reksturs veitingastaðar í flokki II í Golfskálanum Öndverðarnesi.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt með fyrirvara um jákvæða umsögn byggingarfulltrúa og Brunavarna Árnassýslu.

6. Úrskurður Úrskurðarnefndar um upplýsingamál í máli nr. 805/2019 þar sem kærð var ákvörðun sveitarstjórnar um synjun á aðgangi að upplýsingum um álögð fasteignagjöld.

Fyrir liggur úrskurður frá Úrskurðarnefnd um upplýsingamál í máli nr. 805/2019 þar sem kærð var ákvörðun sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 8. ágúst 2018 um að synja kærðu um aðgang að upplýsingum um álögð fasteignagjöld, annarsvegar fyrir frístundahús og hinsvegar fyrir lögbylí fyrir árin 2016, 2017 og 2018. Niðurstaða úrskurðarnefndarinnar er að kröfu kæranda var vísað frá. Lagt fram til kynningar.

7. Bréf frá Þóri Ólafssyni og Eiríki Benónýssyni f.h. Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga um hlutverk nefndarinnar og með hvaða hætti sveitarfélög standa að eftirliti og framkvæmd fjárfestinga á árinu 2019.

Fyrir liggur bréf frá Þóri Ólafssyni og Eiríki Benónýssyni f.h. Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga dagsett 18. mars 2019 þar sem kynnt er verklag nefndarinnar með fjárfestingum og eftirlit með framvindu fjárfestinga á árinu 2019. Bréfið lagt fram til kynningar.

Með tölvupósti þann 4. júlí 2019 er bréf nefndarinnar ítrekað og einnig látið fylgja form til útfyllingar á óskum nefndarinnar. Nefndin óskar eftir yfirliti um stöðu einstaka verkefna í árslok 2019 (hlutfallsleg staða gagnvart verkáætlun), samanlagður útlagður kostnaður, gildandi fjárheimild og breytingar á henni á árinu og mat á stöðu verkefnis, bæði lokið og áætlað ólokið, gagnvart gildandi fjárheimild. Jafnframt verði horft til verkefna sem unnið er að á árinu 2019 hvort sem þau eiga upphaf á árinu 2019 eða fyrr. Óskað verður eftir að framangreint yfirlit sýni framangreinda þætti fyrir hvern ársfjórðung ársins og verður það nánar tilgreint undir lok ársins.

viðkomandi sveitarstjórnarmaður að vera kjörinn af sveitarstjórn til fundarsetunnar eða á annan hátt mælt til þess af sveitarstjórn að hann mæti. Sveitarstjóra/oddvita ber að staðfesta fundarsetuna og koma þeim upplýsingum til launafulltrúa.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að laun nefndarmanna sveitarfélagsins verði eftirfarandi:

- 1) Formenn nefnda fá greidd 2% af þingfararkaupi fyrir fund. Ekki verður greitt sérstaklega fyrir akstur.
- 2) Almennir nefndarmenn fá greitt 1% af þingfararkaupi fyrir hvern fund. Ekki verður greitt sérstaklega fyrir akstur.
- 3) Hjá kjörstjórn er kjörfundur vegna sveitarstjórnarkosninga metinn sem sex fundir en aðrir kjörfundir svo sem Alþingiskosningar sem fimm fundir. Greitt verður sérstaklega fyrir akstur samkvæmt akstursdagbók.

4. Bréf frá Halldóru S. Sveinsdóttur formanns Bárunnar, stéttarfélags þar sem farið er yfir stöðu mála í kjaramálum félagsmanna Bárunnar, stéttarfélags.

Fyrir liggur bréf frá Halldóru S. Sveinsdóttur formanns Bárunnar, stéttarfélags, dagsett 2. júlí 2019 þar sem farið er yfir stöðu mála í kjaramálum félagsmanna Bárunnar, stéttarfélags. Samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur að undanfögnu samið við önnur sambönd og félög um frestun viðræðna og friðarskyldu til 15. september 2019. Einnig hefur verið samið um innágreiðslu upp á 105.000 kr. um næstu mánaðarmót. Kjaradeilu Bárunnar (félag innan Starfsgreinasambands Íslands) var hinsvegar vísað til sáttasemjara þann 28. maí 2019 og fer Bára, stéttarfélag fram á að sveitarfélögin greiði starfsfólki Bárunnar slíka innágreiðslu þann 1. ágúst n.k. Sveitarstjórn hafnar innágreiðslunni til starfsmanna Bárunnar þar sem Samband íslenskra sveitarfélaga fer með fullnaðarumboð til kjarasamningagerðar fyrir hönd sveitarfélaganna í landinu. Umboð þetta er fullnaðarumboð og eftir að það hefur verið gefið er sveitarfélaginu ekki heimilt að hafa afskipti af kjarasamningagerð. Sveitarfélagið skuldbindur sig til að hlíta markmiðum og stefnu sambandsins í kjaramálum og þeim kjarasamningum sem sambandið gerir fyrir þess hönd í öllum atriðum, með staðfestingu stjórnar sambandsins.

Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins þar sem deiliskipulagstilla er ekki í samræmi við gildandi aðalskipulag.

Mál nr. 20: 1906057 - Bjarkarlækur L224049; Íbúðarhús, gestahús og skemma; Lögbýli; Deiliskipulag.

Fyrir liggur umsókn Halls Símonarsonar, dags. 14. júní 2019 um deiliskipulag Bjarkarlækjar L224049, ca. 9,5 ha að stærð. Umsókninni fylgir skipulags- og matslýsing, dags. 11. júní 2019.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að skipulags- og matslýsing verði send Skipulagsstofnun til umsagnar og hún verði einnig kynnt almenningi skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 21: 1906022 - Hallkelshólar lóð 79 (L200741); Umsókn um byggingarleyfi; Sumarhús – viðbygging.

Fyrir liggur umsókn Heimis Jónassonar og Erlu Heimisdóttur, dags. 27. maí 2019 um byggingarleyfi til að byggja viðbyggingu við sumarhús 44,8 m² á sumarhúsalóðinni Hallkelshólar lóð 79 (L200741) í Grímsnes- og Grafningshreppi. Heildarstærð hússins eftir stækkun verður 111,4 m². Málinu var vísað til skipulagsnefndar til afgreiðslu byggingarfulltrúa þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag á svæðinu.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða eftir nánari skoðun á málinu að fela byggingarfulltrúa að ljúka afgreiðslu málsins.

Sveitarstjórn leggur til að unnið verði deiliskipulag fyrir þetta svæði ásamt þeim svæðum þar sem gildandi deiliskipulag liggur ekki fyrir.

Mál nr. 24: 1906002F – Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 19 – 102.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 20. júní 2019.

c) Fundargerð oddvita/sveitarstjóra í yfirstjórn velferðarmála í Árnesþingi (NOS),

7. júní 2019.

Mál nr. 3 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram fundargerð nefndar oddvita/sveitarstjóra í yfirstjórn velferðarmála í Arnesþingi (NOS), dags. 7. júní 2019.
Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 3: Tillaga um aukningu á stöðugildi sálfræðings.

Fyrir liggur tillaga að auknu stöðuhlutfalli sálfræðings við Skóla- og velferðarþjónustu Arnesþings. Nefndin leggur til að ráðið verði í 100% stöðu sálfræðings. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi tillögu.

d) Fundargerð 16. fundar Héraðsnefndar Árnesinga bs. 10. maí 2019.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

e) Fundargerð 9. fundar stjórnar Byggðasafns Árnesinga, 25. júní 2019.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

f) Fundargerð 3. fundar byggingarnefndar Búðarstígs, 25. júní 2019.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Íbúaskrá.

Farið var yfir íbúaskrá Grímsnes- og Grafningshrepp frá 14. júní 2019 frá Þjóðskrá Íslands. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að skila inn athugasemdum í samræmi við umræður á fundinum.

4. Laun sveitarstjórnarmanna og nefndarlaun.

Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins.

Óskað er eftir að landið fái heitið Stekkjarflöt. Fyrir liggur rökstuðningur eiganda fyrir heitinu.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða stofnun lóðarinnar og heitið Stekkjarflöt. Ekki eru gerðar athugasemdir við staðfestingu landskipta skv. 13. gr. jarðalaga.

Mál nr. 14: 1906060 - Snæfoksstaðir frístundabyggð; Endurskoðun deiliskipulags.

Fyrir liggur umsókn Böðvars Guðmundssonar, dags. 18. júní 2019 f.h. Skógræktarfélags Árnesinga um endurskoðun og uppfærslu á deiliskipulagi 93 ha frístundasvæðis í landi Snæfoksstaða. Umsókninni fylgir lýsing á skipulagsverkefninu skv. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi lýsingu dagsetta 5. júní 2019. Skipulagsfulltrúa er falið að senda Skipulagsstofnun lýsinguna til umsagnar skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og kynna lýsinguna almenningi skv. sömu grein skipulagslaga.

b) Fundargerð stjórnarfundar Bergrisans, 26. júní 2019.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Laun sveitarstjórnarmanna og nefndarlaun.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að laun sveitarstjórnar verði eftirfarandi:

- 1) Laun oddvita verði 75% af grunnlaunum sveitarstjóra vegna vinnu hans í hlutverki oddvita, þ.e. dagleg þátttaka í ákvarðanatöku og annarra starfa í þágu sveitarfélagsins auk aksturs í þágu sveitarfélagsins skv. akstursdagbók.
- 2) Sveitarstjórnarmenn aðrir en oddviti og sveitarstjóri fá greidd 10% af þingfararkaupi á mánuði.
- 3) Varamenn fá greidd 5% af þingfararkaupi fyrir hvern setinn fund.
- 4) Fundir hjá sveitarstjórnarmönnum öðrum en oddvita og sveitarstjóra eru greiddir. Fyrir heilan dag er greitt 3% af þingfararkaupi en fyrir hálfan dag er greitt 1,5% af þingfararkaupi. Að auki er greiddur akstur skv. akstursdagbók. Til þess að greitt verði fyrir fundi þarf

sveitarfélaga, dagsett 26. júní 2019 þar sem kynnt er yfirlýsing um samstarf sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Sveitarstjórn fagnar því frumkvæði sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefur tekið með stofnun samráðsvettvangs, sem ætlaður er sveitarfélögum landsins til samstarfs og samráðs um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Sveitarstjórn telur brýnt að ríki og sveitarfélög grípi nú þegar til markvissra og samstilltra aðgerða til að mæta áskorunum samtímans á sviði loftslagsmála og aðlaga íslenskt samfélag að þeim breytingum sem þegar hafa átt sér stað og fyrir séðar eru vegna loftslagsbreytinga. Einn mikilvægasti liðurinn í því aðkallandi starfi er að íslenskt samfélag verði lagað að kröfum sjálfbærrar þróunar. Sameinuðu þjóðirnar hafa lagt gagnlegan grunn að slíku starfi með heimsmarkmiðum um sjálfbæra þróun.

Sveitarstjórn lýsir sig tilbúna til þátttöku í samráðsvettvanginum með þátttöku í fundum og viðburðum um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Á sínum vettvangi mun sveitarstjórn beita sér fyrir markvissum aðgerðum og stefnumótun í átt til aukinnar sjálfbærni og kolefnis-hlutleysis. Fulltrúar sveitarfélagsins munu einnig, eftir því sem tilefni er til og aðstæður leyfa, taka þátt í miðlun þekkingar, þróun mælinga á árangri og öðru samstarfi sem tengist samráðsvettvanginum.

Jafnframt samþykkir sveitarstjórn samhljóða að bæta við öðrum tengilið verkefnisins, Smára Bergmann Kolbeinssyni.

10. Bréf frá Vigdísí Häsler lögfræðingi hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem sveitarfélög eru hvött til að kynna sér drög að leiðbeiningum um skólaakstur frá Menntamálaráðuneytinu.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Vigdísí Häsler lögfræðingi Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 27. júní 2019 þar sem kynnt er mál Mennta- og menningarmálaráðuneytis um atriði varðandi öikumenn sem sinna skólaakstri grunnskólabarna. Verið er að skoða kröfur um að bifreiðastjórar hafi réttindi til farþegaflutninga í atvinnuskyni skv. lögum um farþega og farmflutninga og einnig kröfur um heilsufar öikumanna. Tölvupósturinn lagður fram til kynningar.

Mál nr. 9: 1906061 - Nesjar lóð L170913; Réttarháls 3; Breyting á heiti, afmörkun og stærð lóðar.

Fyrir liggur umsókn Einars S. Ingólfssonar, dags. 21. júní 2019 um staðfestingu á afmörkun og breytingu á stærð og heiti lóðarinnar Nesjar L170913 skv. meðfylgjandi lóðablaði. Stærð lóðar breytist úr 1.250 m² í 1.931 m² skv. nákvæmari mælingu. Óskað er eftir að heiti lóðarinnar verði Réttarháls 3 í stað Nesjar lóð. Þá er óskað eftir að ekki verði gerðar athugasemdir við landskipti skv. 13. gr. jarðarlaga. Fyrir liggur samþykki landeigenda og lóðarhafa lóðarinnar á hnitsettri afmörkun ásamt áður samþykktu hnitsettu lóðablaði fyrir aðliggjandi lóð.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða afmörkun og breytingu á skráningu og heiti lóðarinnar miðað við fyrirbyggjandi gögn. Ekki eru gerðar athugasemdir við landskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Mál nr. 10: 1906005 - Ormsstaðir L168271 og Ormsstaðir II L225840; Sameining jarða.

Fyrir liggur umsókn Tómasar J. Brandssonar, dags. 24. maí 2019 þar sem óskað er eftir að sameina Ormsstaði II L225840 við jörðina Ormsstaði L168271. Ekki liggur fyrir nein afmörkun eða staðsetning fyrir L225840 né hnitsett afmörkun fyrir L168271. Sami eigandi er að báðum landeignunum og er sameiningin til hagræðingar og einföldunar vegna m.a. þinglýsinga skjala.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða sameiningu jarðanna og gerir ekki athugasemdir við staðfestingu á sameiningu skv. 15. gr. jarðalaga.

Mál nr. 11: 1905011 - Nesjar L170878 (Tjarnarlaut 1); Nesjar L170824; Stækkun lóðar og breytt heiti.

Fyrir liggur umsókn Stefáns Haraldssonar, dags. 30. apríl 2019 um staðfestingu á afmörkun lóðarinnar Nesjar L170878 skv. meðfylgjandi lóðablaði. Stærð lóðarinnar breytist úr 5.000 m² í 8.387 m² skv. mælingu og kemur stækkunin úr landi Nesja L170824. Ekki hefur áður legið fyrir nákvæm afmörkun lóðarinnar. Einnig er sótt um að heiti lóðarinnar verði Tjarnarlaut 1 í stað Nesjar. Þá er óskað eftir að ekki verði gerðar athugasemdir við landskipti skv. 13. gr. jarðarlaga. Fyrir liggur samþykki lóðareigenda sem einnig eru eigendur



FUNDARGERÐ.

462. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 17. júlí 2019 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Ása Valdís Árnadóttir

Björn Kristinn Pálmarsson

Smári Bergmann Kolbeinsson

Ingibjörg Harðardóttir

Bjarni Þorkelsson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 3. júlí 2019.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 3. júlí 2019 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerðir.

a) Fundargerð 180. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 10. júlí 2019.

Mál nr. 9, 10, 11, 12, 13 og 14 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 180. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 10. júlí 2019. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

11. Bréf frá Skógræktinni varðandi landshlutaáætlanir í skógrækt og lykilhlutverk sveitarfélaga í loftslagsmálum.

Fyrir liggur bréf frá Hreini Óskarssyni og Hrefnu Jóhannesdóttur f.h. Skógræktarinnar, dagsett í júní 2019 þar sem kynnt er landshlutaáætlanir í skógrækt og lykilhlutverk sveitarfélaga í loftslagsmálum. Jafnframt er óskað eftir fundi með sveitarstjórnnum. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að vera í sambandi við Skógræktina um fundartíma.

12. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II í Gelti, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 26. júní 2019 um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II að Gelti, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt með fyrirvara um jákvæða umsögn byggingarfulltrúa og Brunavarna Arnassýslu.

13. Forsætisráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 154/2019, „Áform um breytingu á lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998“.

Fyrir liggur að Forsætisráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 154/2019, „Áform um breytingu á lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998“. Lagt fram til kynningar.

14. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 148/2019, „Áform um breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995“.

Fyrir liggur að Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 148/2019, „Áform um breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995“. Afgreiðslu málsins frestað.

15. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 145/2019, „Jafnvægisás ferðamála - fyrstu niðurstöður“.

Fyrir liggur að Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 145/2019, „Jafnvægisás ferðamála - fyrstu niðurstöður“. Lagt fram til kynningar.

16. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 149/2019, „Framtíðarsýn og leiðarljós íslenskrar ferðaþjónustu til 2030“.

Fyrir liggur að Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 149/2019, „Framtíðarsýn og leiðarljós íslenskrar ferðaþjónustu til 2030“. Lagt fram til kynningar.

Til kynningar

- ✓ Sorpstöð Suðurlands. Fundargerð 281. stjórnarfundar 11.06.2019.
- ✓ Heilbrigðisnefnd Suðurlands. Fundargerð 197. stjórnarfundar 11.06.2019.
- ✓ Samband íslenskra sveitarfélaga. Fundargerð 872. stjórnarfundar, 21.06.2019.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 12:20

MÁLMAÐ

GLER

**DRYKKJAR-
UMBÚÐIR**

Gámastöðvar

Einnig er tekið á móti skilagjaldsskyldum drykkjarumbúðum hjá Samskip á Selfossi



Öll almenn lögfræðiþjónusta

Málflutningur – Erfðaskrár – Kaupsamningar –
Landskipti – Skaðabætur – ofl.

Sigurður Jónsson hrl. S: 893-6506
siggi@landlogmenn.is

Sverrir Sigurjónsson hdl. S: 662-4422
sverrir@landlogmenn.is

Land
LÖGMENN

Austurvegi 6, 800 Selfoss

GRÍMSÆVINTÝRI

á Borg 10. ágúst

SÍBS býður upp á fría heilsufarsmælingar á Grímsævintýrum í ár.

SÍBS Líf og heilsa er forvarnaverkefni um heilbrigði og lífsstíl þar sem SÍBS ásamt Samtökum sykursjúkra, Hjartaheill og Samtökum lungnasjúklinga bjóða almenningi ókeypis heilsufarsmælingu í samstarfi við Kvenfélag Grímsneshrepps og í tilefni Grímsævintýra 2019.

Mælingarnar eru hluti af hringferðum SÍBS Líf og heilsa um landið þar sem þúsundir hafa þegið ókeypis mælingu. Mældur er blóðþrýstingur, blóðfita, blóðsykur, súrefnismettun og fleira, auk þess sem þátttakendum er boðið að taka þátt í könnun um lífsstíl og heilsufar sem snertir á flestum áhrifaþáttum heilbrigðs lífs.



669-0108

694-8405

Opið alla virka daga frá 10 - 16



Kryddjurtir í
úrvali

Verið hjartanlega velkomin.



Kæru eldri borgarar,

Mötuneyti Kerhólsskóla opnar aftur
eftir sumarfrí fimmtudaginn
8. ágúst 2019



Sumarlokun á skrifstofu Grímsnes- og Grafningshrepps.

Skrifstofa Grímsnes- og Grafningshrepps er lokuð
vegna sumarleyfa starfsmanna
frá 22. júlí til og með 11. ágúst 2019.

Næsti fundur sveitarstjórnar verður
21. ágúst kl. 9:00.

Opnunartímar hjá heilsugæslunni í Laugarási

Opnunartími heilsugæslunnar er frá kl. 8:00 til 16:00.

Fyrsti læknatíminn er kl. 8:20.

Símatímar eru tveir þ.e. kl. 9:00 - 9:30 og 13:00 - 13:30.

Blóðprufur eru teknar á morgnanna frá kl. 8:15 - 11:00



Sími stöðvarinnar er 432 2770

Aðalnúmer HSU er 432 2000

Sími Neyðarlínu er 112

Lyfjaendurnýjun er hjá læknariturum kl. 8:00—9:00 í síma 432 2020

GRÍMS- ÆVINTÝRI 10. ÁGÚST



Velkomin á sveitahátíð í umsjón Kvenfélags Grímsneshrepps. Hátíðin er styrkt af Grímsnes- og Grafningshrepp.

KLB©